

## Minnisblað

Til: Atvinnuveganefndar.

Frá: Skrifstofu orku, iðnaðar og viðskipta. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004. Áhrif hækkunar jöfnunargjalds, viðbótarframlags ríkisins og boðaðrar hækkunar Landsnets á flutningskostnaði um 9,9% á jöfnun dreifikostnaðar og gjaldskrármál í dreifbýli

### 1. Áhrif 9,9% hækkunar á flutningskostnaði raforku.

Flutningskostnaður dreifiveitna raforku er almennt 32% af heildartekjumörkum þeirra. Ef Landsnet hækkar gjaldskrá sína til dreifiveitna um 9,9%, eins og Landsnet hefur óskað eftir og er til skoðunar hjá Orkustofnun, þýðir það almennt að tekjuramminn hjá öllum dreifiveitum hækkar alla jafna um 3,2% ( $32\% * 9,9\%$ ). Þetta er aðeins misjafnt eftir dreifiveitum (þær eru með mismarga afhendingarstaði og aflþörf og þess vegna misjafnt hver flutningskostnaðurinn er á hverja einingu).

Hækkanir hjá dreifiveitum raforku, verði framangreind áform Landsnets að veruleika, eru áætlaðar á bilinu 2,5 til 3,5% á næsta ári.

Hjá RARIK er flutningskostnaður í þéttbýli herra hlutfall af tekjumörkum en í dreifbýli og þar af leiðandi hefur þessi hækkun örlítið minni áhrif í dreifbýli en þéttbýli.

### 2. Sviðsmyndir.

Orkustofnun hefur sett upp nokkrar sviðsmyndir sem sýna mismunandi áhrif hækkunar jöfnunargjalds (13%) og flutningskostnaðar Landsnets (9,9%) annarsvegar og hins vegar aukin framlög til jöfnunar dreifikostnaðar (600 m.kr.) og fyrirhugaðar hækkanir dreifiveitna nú um áramótin. Sýna sviðsmyndirnar samspil þessara þátta.

#### Sviðsmynd 1:

Hækkun jöfnunargjalds um 13%. Áhrif á raforkureikning almenns notanda (heimili).

Almenn notkun: 4.500 kWst/ár	Breyting %	Árs.br. kr.	Mán.br. kr.
RARIK - Þéttbýli	0,35%	223	19
RARIK - Dreifbýli	-1,20%	-1.004	-84
OV - Þéttbýli	0,32%	223	19
OV - Dreifbýli	-1,39%	-1.172	-98
Veitur	0,34%	223	19
HS Veitur	0,33%	223	19
Norðurorka	0,34%	223	19

Breyting á almennri notkun
----------------------------

### Sviðsmynd 2:

Hækkun jöfnunargjalds um 13% og 9,9% hækkun frá Landsneti til dreifiveitna. Áhrif á raforkureikning almenns notanda (heimili).

Almenn notkun: 4.500 kWst/ár	Breyting %	Árs.br. kr.	Mán.br. kr.
RARIK - Þéttbýli	2,01%	1.295	108
RARIK - Dreifbýli	0,08%	67	6
OV - Þéttbýli	2,17%	1.505	125
OV - Dreifbýli	0,13%	110	9
Veitur	1,91%	1.251	104
HS Veitur	2,06%	1.400	117
Norðurorka	1,89%	1.245	104

Breyting á almennri notkun

### Sviðsmynd 3:

Hækkun jöfnunargjalds um 13% og 9,9% hækkun frá Landsneti að teknu tilliti til 600 m.kr. framlags ríkisins til hækkunar á dreifbýlisframlaginu. Áhrif á raforkureikning almenns notanda (heimili).

Almenn notkun: 4.500 kWst/ár	Breyting %	Árs.br. kr	Mán.br. kr
RARIK - Þéttbýli	2,01%	1.295	108
RARIK - Dreifbýli	-6,90%	-5.792	-483
OV - Þéttbýli	2,17%	1.505	125
OV - Dreifbýli	-7,96%	-6.698	-558
Veitur	1,91%	1.251	104
HS Veitur	2,06%	1.400	117
Norðurorka	1,89%	1.245	104

Breyting á almennri notkun

#### Sviðsmynd 4:

Hækkun jöfnunargjalds um 13% og útfærsla dreifiveitna á hækkun heildargjaldskrár að teknu tilliti til 9,9% hækkunar Landsnets og 600 m.kr. framlags ríkisins til hækkunar á dreifbýlisframlaginu. Áhrif á raforkureikning almenns notanda (heimili).

Almenn notkun: 4.500 kWst/ár	Breyting %	Árs.br. kr	Mán.br. kr
RARIK - Þéttbýli	1,73%	1.116	93
RARIK - Dreifbýli	-5,92%	-4.966	-414
OV - Þéttbýli	2,17%	1.507	126
OV - Dreifbýli	-7,96%	-6.696	-558
Veitur	2,99%	1.953	163
HS Veitur	2,05%	1.395	116
Norðurorka	2,28%	1.507	126

Breyting á almennri  
notkun

Sviðsmyndir 2 og 3 eru almennt ekki raunhæfar einar og sér þar sem dreifiveiturnar bregðast við með mismunandi hætti og eru að tilkynna hækkanir á sama tíma ýmist með hliðsjón af hækkun Landsnets eða ekki. Hjá RARIK og OV er dreifi- og flutningskostnaður ekki sundurliðaður eins og hjá öðrum dreifiveitum og hækka því RARIK og OV ekki endilega gjaldskrár þótt slík tilkynning komi frá Landsneti.

Í þessu, eins og öðru í dag, er að gæta áhrifa vegna kórónuveirufaraldursins. Raforkuspáin sem nú er verið að leggja lokahönd á sýnir samdrátt í raforkunotkun frá fyrri spám með tilheyrandi minna jöfnunargjaldi. Jafnframt skapar faraldurinn óvissu með þróun notkunar á næstu árum.